

gjaldkögum. Lokagreiðslu skal þó ekki innheimta fyrir en gengið hefur verið frá gangstétt fyrir framan lóð gjaldenda.

10. gr.

Óski lóðarhafi eftir að segja sig frá veittri lóð, skal hann eiga rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi. Heimilt er þó að fresta endurgreiðslunni eins og hér segir:

50% gatnagerðargjaldsins greiðist eftir 6 mánuði.

Eftirstöðvarnar greiðast eftir 12 mánuði.

Verði lóðin veitt að nýju innan þess tíma, skal fyrri lóðarhafi fá gatnagerðargjaldið endurgreitt að fullu, þegar sú lóðarúthlutun fer fram.

11. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til váttryggingafjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld samkvæmt reglugerð þessari lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885. Bæjarráð sker úr ágreiningi er rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut kunna að eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 8. júlí 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

11. júlí 1975.

Nr. 322.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Keflavík nr. 206 frá 31. des. 1958 og breytingu á þeirri reglugerð nr. 17 frá 22. janúar 1971.

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Allur kostnaður við holræsagerð bæjarins greiðist úr bæjarsjóði. Til þess að standast þann kostnað skal hver húseigandi greiða bæjarsjóði tengigjald, er hann tengir hús sitt við holræsakerfi bæjarsjóðs. Tengigjald þetta skal vera kr. 10 000.00 fyrir hús með einni íbúð, en kr. 5 000.00 að auki fyrir hverja íbúð í húsi umfram eina. Fyrir atvinnuhúsnæði skal tengigjaldið vera kr. 25 000.00 fyrir hverja tengingu. Húseigandi getur eigi krafist tengingar við holræsakerfið fyrir en tengigjaldið er greitt, en það skal greitt um leið og byggingarleyfisgjald. Þá skal og hver húseigandi greiða árlegt holræsagjald til bæjarsjóðs 0,15% af fasteignamatsverði húss og lóðar, samkv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28, frá 29. apríl 1963, þó aldrei lægra en kr. 1 000.00. Heimilt er að ákveða holræsagjald af óbyggðum lóðum, er liggja að götu, vegi eða opnu svæði, þar sem holræsi liggur.

Bæjarstjórn getur hækkað eða lækkað holræsagjöld um allt að 50%, þar sem sérstakar ástæður liggja til.

2. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 50 000.00, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

3. gr.

Gjalddagi holræsagjalda skal vera sá sami og annarra fasteignagjalda.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Keflavíkur, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 11. júlí 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

REGLUGERÐ

um holræsagjöld á Selfossi.

1. gr.

Hverjum þeim, sem á hús eða húshluta á Selfossi, á lóð eða leigir lóð í bænum við götu eða opið svæði, sem holræsi hefur verið lagt í, ber að greiða árlegt holræsagjald til Selfosshrepps.

Upphæð holræsagjaldsins skal vera 0,3% af fasteignamatí húsa og lóða skv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28, 29. apríl 1963. Upphæð holræsagjaldsins skal þó aldrei vera lægri en svarar kr. 8.00 á hvern rúmmetra á íbúðarhúsnæði og kr. 5.50 á hvern rúmmetra af öðru húsnæði. Á sama hátt skal upphæð holræsagjaldsins aldrei vera hærri en svarar kr. 10.00 á hvern rúmmetra af hverju húsnæði sem er. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist holræsagjald samkvæmt fasteignamati lóðarinnar.

Lágmarksupphæð holræsagjalds fyrir hverja gjaldskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 1 100.00.

Nú er fasteign, sem greiða ber af holræsagjald eigi virt fasteignavirðingu og skal þá greiða holræsagjald skv. samþykktum uppdráttum.

Þó skal aldrei reikna holræsagjöld af húsi það ár, sem bygging þess hefst.

Holræsagjaldið er miðað við byggingarvísitölu 1290 stig og breytist einu sinni á ári til samræmis við byggingarvísitöluna eins og hún er í árslok hverju sinni, þó ekki yfir 50% án samþykkis ráðuneytisins.

2. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda, ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka, ef um leigulóð er að ræða, og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveðsrétti í lóð og mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga þess, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Um gjalddaga og innheimtu holræsagjalds fer með sama hætti og um fasteignaskatt, enda skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega.